

Ályktun stjórnar BSRB – 10. desember 2010

Stjórnarfundur BSRB, haldinn 10. desember 2010, hvetur Alþingismenn til þess að hafna dýrkeyptum niðurskurði fjárlagafrumvarpsins. Forfeður okkar byggðu velferðarkerfið upp í gegnum súrt og sætt, bágindi og kröpp kjör. Frumvarpið hefur skánað í meðförum þingsins, en betur má ef duga skal. Það er undir hverjum og einum þingmanni komið að tryggja að fjárlagafrumvarpið höggvi ekki að rótum velferðarkerfisins. Verjum velferðina!